

4. gr.

Á eftir 56. gr. samþykktarinnar kemur ný grein er orðast svo:

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

5. gr.

5. mgr. 58. gr. samþykktarinnar (er verður 59. gr.) orðast svo:

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. maí 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 12. maí 1998 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulag Leynisbrautar afmarkast af Innri-Akraneshreppi og Leyni annars vegar og Grundahverfi og Jörundarholti hins vegar.

Á ofangreindu svæði er gert ráð fyrir íbúðabyggð og verður heimilt að reisa þar einbýlis-, tvíbýlis- og raðhús.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Bygginga- og skipulagsfulltrúinn á Akranesi, 12. maí 1998.

Skúli Lýðsson.